

Yfirlengdargjald miðast við: Jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnvarkassa eða stofntengikassa hú sveitu.

Þegar stækka þarf spennu eða heimtaug vegna tiltekings notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekings notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr skal greitt sem hér segir:

1×63 A kr. 555.00                      3×63 A kr. 750.00

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

#### Ýmis ákvæði.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 280.00 á ári. Misrun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrra árshelmingi næsta árs.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 47.00.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 2. janúar 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 2, 1981 um breytingu á gjaldskráum rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1981.*

**F. h. r.**

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

## GJALDSKRÁ

### Rafveitu Miðneshrepps.

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

A—1. Um kWst.-mæli á kr. 2.450 hverja kWst. Við þessu verði skal stlja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWst.-mæli á kr. 1.015 hverja kWst. auk fastagjalds, sem er kr. 10.719 á hvern fermetra í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólf-

fleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 3.573 á ári af hverjum fermeter.

### B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWst.-mæli á kr. 0.615 hverja kWst.

### C. Vélanotkun o. fl.

C—1. Um kWst.-mæli á kr. 1.365 hverja kWst. Hafi vélar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 675.23

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli á kr. 1.365 hverja kWst.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

- a) Um kWst.-mæli á kr. 0.204 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 675.230. Notað afl telst vera meðalálág á árinu mælt yfir stundarfjórðung hvert kW.
- b) Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kWst.-mæli á kr. 0.204 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 638.900 hvert kW. í málaun uppsettra véla á árinu. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á dag samkv. gjaldskrárlið C—3 kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæla:

- a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 675.230 kW. á ári.
- b) Af allri notkun kr. 0.204 hverja kWst. Samkvæmt gjaldskrárlið þessum heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfplatargjald vegna ljósa kr. 10.720 á ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 3.570 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfplatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 5.880 á hvern fermetra á ári.

### D. Hitun.

D—1. Um kWst.-mæli á kr. 0.253 hverja kWst. án rofs.

D—2. Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 0.152 hverja kWst.

D—3. Um afl- og orkumæla:

- a) á kr. 0.152 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 127.600 hvert kW.
  - b) Ef ekki eru tók á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.
- D—4. Um kWst.-mæli á kr. 0.076 hverja kWst. með rofi frá kl. 08.00—23.00.

### Skilyrði fyrir raforkusölu til húsa hitunar.

- a) Að aflvél, spennar, götustrengir og línur boli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c) Að notandi kosti tengingu og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til og greiði þá samkv. gjaldskrá.
- d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrir mælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sér rofum og hitastíllar notaðir þegar þess er krafist.
- e) Að húsnæði fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.
- f) Að lagðar séu niðurstöður útreikninga á hitabörf þess húsrýmis sem hita skal og tekið fram um stærð hitatækja sem sett verða upp.

### E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gístitúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 0.731 hverja kWst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota við vinnulagnir við byggingar eða aðra mannvirkjagerð, meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 1.300.

Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 0.223 hverja kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30—22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 0.178 hver kWst. á tímanum frá kl. 22.00—8.30 og aur. 55,8 hver kWst. frá kl. 8.30—22.00.

Til gatna- og hafnarlýsinga á kr. 0.724 hverja kWst.

Öll rafmagnsnotkun sem ótalin er og kemst ekki undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þá að tilskildu samþykki rafveitustjórnar veita afslátt á gjaldskrárliðum C—E (háðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

#### F. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. .... kr. 3.60 pr.mán.
2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp. .... — 4.25 pr.mán.
3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp. .... — 10.70 pr.mán.
4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp. .... — 16.05 pr.mán.
5. Af álagsstýringarliðum .... — 16.05 pr.mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

### III. HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugagjöld miðast við aflþörf notanda sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það.

Heimtaugagjöld ákveðast þannig:

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafi kVa	Heimtaugargjald kr.
1. ....	3×60	22	3 074,00
2. ....	3×100	38	4 481,00
3. ....	3×200	75 sp.	8 868,00
4. ....	3×350	132 sp.	14 710,00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiddast samkv. kostnaðarreikningi.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæru leið að varkassa á útvegg. Teljist hækvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa .....	kr. 691,00
Fyrir 60 amp. þrífasa .....	— 970,00
Fyrir 100 amp. þrífasa .....	— 1 029,00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandi greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður há útivinnu.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður, skal greiða samkvæmt reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnaði).

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

#### IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar komi, skal greiða gjald fyrir enduroppnun kr. 87,30.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og ekki opnuð fyrr en notandinn hefur bætt úr því og greitt kr. 87,30 fyrir enduroppnun til innheimtu rafveitunnar.

#### V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er hreppsnefnd heimið að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni. Breyting skv. þessari gr. er háð samþykki Iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 2. janúar 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 2, 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

*Iðnaðarráðuneytið. 24. febrúar 1981.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Kristmundur Halldórsson.*

## G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Njarðvíkur.

#### Raforka:

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og með því móti sem hér segir:

#### Lýsing.

1. Um kWst. mæli á kr. 2.45 hver kWst.
2. Um kWst. mæli á kr. 1.014 hver kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 10.719 á ári af hverjum fermetra gólfplatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 3.573 af fermetra á ári.